

Colas Ísland hf.  
Gullhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27.11.2023  
UST202302-113/F.T.  
08.06.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. október 2023 þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í í malbikunarstöð Colas Ísland hf., Ammann 1 sem staðsett var á Reyðarfirði, þann 20. september 2023. Úrbótaáætlun rekstraraðila barst stofnuninni 9. nóvember sl.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Útblástursmælingar fyrir árið 2022 voru ekki framkvæmdar. Mælingar í útblæstri voru síðast framkvæmdar þann 15. júlí 2021. Mæla skal efni í útblæstri árlega. **Skv. rekstraraðila hefur reynst erfitt að fá mælingarmenn austur til að framkvæma mælingar þá daga sem stöðin hefur verið samfelld í gangi í 3-4 klst. Mælt verður fyrir 1. júlí 2024.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila. Niðurstöðum mælinga skal skila í síðasta lagi 1. júlí 2024.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

**Vakin er athygli á því að Umhverfisstofnun hefur heimild til álagningar stjórnvaldssektar fyrir brot gegn ákvæðum um mælingar sbr. 8. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius